

Nd.

320. Frumvarp til laga

[176. mál]

um Fræðslustofnun alþýðu.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Pétur Pétursson.

1. gr.

Setja skal á stofn Fræðslustofnun alþýðu. Skal starf hennar vera grundvöllur fyrir skipulegri eflingu almenningsmenntunar í landinu (fullorðinsmenntunar).

2. gr.

Stofnunin hefur fjórþætt markmið:

- A. Hún skal veita fjárhagslegan stuðning þeim fjölskyldumönnum, körlum og konum, er til hennar leita um slíkt, í því skyni að afla sér menntunar eða auka þegar fengna þekkingu, menntun eða réttindi — þó ekki þeim, er stunda nám í hinu almenna skólakerfi, né þeim, er eiga aðgang að Lánasjóði íslenzkra námsmanna. Stuðningur þessi skal vera í mynd fræðslubóta. Skulu beiðnir um þær metnar eftir þörfum umsækjenda (fræðsluþega), efnahag, fjölskyldustærð o. fl. þ. h., skv. reglugerð þar um, er ráðherra setur.
- B. Hún skal, skv. nánar settum reglum, veita fjárhagslegan stuðning þeim aðilum, er gefa almenningi kost á sjálfsmenntun, enda leiði slíkt til þess, að hún verði mönnum mun ódýrari og auðfengnari en nú er. Heimilt skal stofnuninni sjálfri að efna til slíkrar fræðslustarfsemi. Setja skal reglur, er tryggi þeim, sem lokið hafa prófum eða náð tilskildum áföngum á vegum slíkrar starfsemi, aðgang að öðrum námsbrautum í eða til hliðar við hið almenna skólakerfi.
- C. Hún skal standa fyrir og kosta námskeið, er haldin séu fyrir vinnandi fólk því til endurhæfingar og þjálfunar vegna starfa þess í atvinnulífinu. Heimilt er stofnuninni að kosta slík námskeið á vegum annarra aðila.
- D. Hún skal leggja fram fé til að kosta þjálfunar- og fræðslunámskeið fyrir fólk, er gegnir trúnaðarstörfum í launþegasamtökunum. Heimilt er stofnuninni sjálfri að efna til slíkra námskeiða.

3. gr.

Fé stofnunarinnar skal ráðstafa þannig í meginatriðum:

- A. 40% árlegra tekna skal verja til að kosta þá starfsemi, er greinir í A-lið 2. gr. laga þessara.
- B. 40% árlegra tekna skal verja í því skyni, er greinir í B-lið 2. gr.
- C. 10% árlegra tekna skal verja til þess, er greinir í C-lið 2. gr.
- D. 10% árlegra tekna skal verja til að kosta það starf, er greinir í D-lið 2. gr. laga þessara.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skipa 7 menn. Skulu 5 þeirra kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi, einn skal tilnefndur af miðstjórn Alþýðusambands Íslands og annar af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Fræðslunefnd skal vera stjórninni til ráðuneytis. Skal hún skipuð 9 manns, er tilnefndir séu af aðilum vinnumarkaðarins, skv. reglugerð. Ráðherra skipar formann sjóðsstjórnar og formann fræðslunefndar.

5. gr.

Allan kostnað við rekstur stofnunarinnar skal greiða úr ríkissjóði.

6. gr.

Menntamálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum stjórnar og fræðslunefndar stofnunarinnar.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, er endurflutt, en það var fyrst borið fram haustið 1971. Fyrsti flutningsmaður var Sigurður E. Guðmundsson, sem þá átti sæti á Alþingi um skeið sem varaþingmaður Alþýðuflokksins; meðflutningsmenn voru Stefán Gunnlaugsson og Pétur Pétursson. Svofelld greinargerð fylgdi frumvarpinu:

„Með frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er stefnt að því fyrsta sinni að mynda grundvöll til skipulegrar eflingar almenningsmenntun á Íslandi (fullorðinsmenntun), utan hins almenna skyldunámskerfis. Er tilgangurinn sá að gera því fólki fært að stunda nám og efla menntun sína og þekkingu, er einhverra hluta vegna hefur að meira eða minna leyti farið á mis við hana á yngri árum sínum eða vill auka við hana. Þá er einnig gert ráð fyrir því, að með lögum þessum geti fólk öðlast endurhæfingu í starfi eða frekari þjálfun. Loks er einnig ráðgert, að skv. lögum þessum verði unnt að fjármagna og efna til fræðslunámskeiða fyrir trúnaðarmenn launþegasamtakanna.

Um áratugaskeið hefur háttað svo til á hinum Norðurlöndunum, að veitt hefur verið mikið fjármagn af hálfu hins opinbera til eflingar fræðslustarfi meðal almennings. Þar sem hér hefur sú stefna verið ríkjandi, að hver sá, sem aflu vildi sér menntunar, skyldi eiga hennar kost án þess að þurfa að greiða fyrir hana. Og í öllum löndunum hafa starfað öflug og víðtæk skyldunámskerfi fyrir unga fólkið. En sá hefur þó verið munurinn á framkvæmd þessarar stefnu, að þar ytra hefur verið grundvöllur fyrir almennri fullorðinsmenntun, þar hafa starfað öflug frjáls fræðslusamtök almennings, er notið hafa svo ríkulegra fjárframlaga úr hendi hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga, að fræðslustarfið hefur verið þeim afar ódýrt, er hafa notið þess. Hin mikla, öfluga og afar mikilvæga almenna fræðslustarfsemi þar á sér fyrst og fremst rætur í alþýðuhreyfingunni, þ. e. í verkalýðs- og launþegasamtökunum og jafnaðarmannaflokkunum. Á þeirra vegum hafa í öllum löndunum

fjórum verið byggð upp geysisterk fræðslusamtök, er ýmist nefnast Arbejdernes Oplysningsforbund (í Danmörku og Noregi) eða Arbetarnas Bildningsförbund (í Finnlandi og Svíþjóð). Auk þeirra eru þó mörg önnur almenn fræðslusamtök til í þessum löndum. En sammerkt þeim öllum er, að þau reka fræðslustarfsemi, sem stendur öllum til boða og allir geta tekið þátt í kostnaðarins vegna. Er þar fyrst og fremst um að ræða fólk, sem ýmist vill afla sér frekari þekkingar en það hefur þegar öðlzt, endurhæfa sig til nýrri og flóknari starfa eða læra eitthvað nýtt. Gjarnan er þá svo um hnútana búid, að þegar ákveðnum þekkingarstigum er náð, eiga menn þess kost að ganga með einum hætti eða öðrum inn í hið almenna mennt-unarkerfi og halda þar áfram námi sínu.

Enginn vafi er á því, að hér á landi er full þörf á að koma upp stofnun, er hefði það verkefni með höndum að opna dyr menntunar og fræðslu þeim, er einhverra hluta vegna hafa ekki getað afla sér hennar í nægilega ríku mæli á yngri árum. Þess eru fjölmörg dæmi, bæði fyrr og síðar, að þeir, sem ungir fóru á mis við skipulagða menntun, töldu sig hafa misst af tækifæri, er þeir hörmuðu síðan alla ævi. En svo hörmulegt sem það hefur verið fyrir þá einstaklinga, er hér hafa átt hlut að máli, er enginn vafi á því, að þar hefur þjóðfélagið í ótalmörgum tilfellum farið á mis við og misst af miklum hæfileikum og góðum gáfum, er hefðu þurft að öðlast fullan þroska. Slíka sóun getur þjóðin ekki leyft sér lengur. En þessu til viðbótar má benda á hið gífurlega misrétti, sem felst í því, að nokkur hluti þjóðarinnar skuli geta átt þess kost að öðlast alla þá menntun og þekkingu, sem skólakerfið getur boðið upp á, auk þess sem veitt er geysilegt fjármagn til þess, að sumt þessa fólks geti stundað nám erlendis, — en hinn hlutinn, sem vitaskuld greiðir allan þennan námskostnað að heita má, skuli eiga þess lítinn eða engan kost að öðlast með sæmilegu móti eða viðráðanlegum hætti þá þekkingu, menntun eða þjálfun, sem hugur þess stendur til og það fólk hefði gjarnan viljað öðlast. Sennilega er hér á ferðinni eitthvert mesta misréttið í þjóðfélaginu. Við þetta bætist síðan, að þeir, sem nú njóta menntunarinnar, fá að henni fenginni eftirsóttustu og bezta launuðu störfunum, en hinir, sem námskostnaðinn greiddu með sköttum sínum og útsvörum, sitja eftir með sárt ennið og eiga aðeins aðgang að lökustu og verst launuðu störfunum. Sannarlega er hér mikið vandamál á ferðinni, sem brýna nauðsyn ber til að snúist verði gegn sem allra fyrst.

Nú vantar ekkert á, að mönnum sé ekki smám saman að verða þetta ljóst. Á undanfórnum árum hafa verið reknir hér ýmsir skólar, sem segja má að hafi veitt frjálsa fræðslu. Yfirleitt hafa þeir ekki notið neins stuðnings frá hinu opinbera og námið því verið afar dýrt. Fremstir í flokki hafa verið málaskólar ýmsir, námsflokkar nokkurra sveitarfélaga (sem oft hafa notið einhvers stuðnings frá viðkomandi sveitarfélagi), einn bréfaskóli — og þar með að mestu talið. Ekkert opið fræðslu-kerfi hefur verið til fyrir almenning, en þeir fáu skólar eða námskeið, er hann hefur átt kost á, hafa yfirleitt verið fremur óhentug og dýr. Ekki hefur ástandið verið betra, þegar í hlut hefur átt fólk, sem hefur viljað bæta við þekkingu sína eða rifja upp áður fengna þekkingu, t. d. giftar konur, er á rúmlega miðri ævi hafa á nýjan leik viljað leita til atvinnulífsins eftir áratuga vinnu á heimilunum. Þær hafa átt þess lítinn eða engan kost að leita sér endurhæfingar, kostirnir hafa gjarnan verið þeir, að þær gætu fengið lökustu og verst greiddu atvinnuna eða hefja ella margra ára nám. Þar hefur varla verið neitt millistig. — Síðast, en ekki sízt er að geta fræðslustarfs launþegasamtakanna. Enginn vafi er á því, að það er þjóðfélaginu afar mikils virði, að launþegasamtökin eigi þess kost, að innan þeirra vébanda starfi trúnaðarmenn, sem aðstöðu hafi til þess að afla sér sem mestrar og beztrar þekkingar á störfum sínum og þjóðfélagsins í heild. Þetta er skilið og metið að verðleikum í næstu nágrannalöndum okkar, en hér á landi hefur hið opinbera með öllu skort skilning eða getu á nauðsyn þess arna. Er með lagafrumvarpi þessu stefnt að því að bæta þar úr.

Um þetta skulu nú ekki höfð fleiri orð, en í þess stað vikið að sjálfu efni frumvarpsins.

Í 2. gr. frv. er rakið, með hverjum hætti stofnunin skuli veita þeim fjölskyldumönnum fjárhagslegan stuðning, er eftir slíku leita til öflunar menntunar eða þekkingar með skipulögðum hætti. Sannast sagna er hér um að ræða nýmæli, sem flm. er ekki kunnugt um að sé enn fyrir hendi í löggjöf nágrannaþjóðanna. Þar er það einmitt talið vera eitt af brýnustu verkefnum komandi tíma í þessum efnum að veita þeim mönnum, körlum og konum, fjárhagslegan stuðning, er leita vilja sér menntunar. Gefur það enda auga leið, að slíkt er óhjákvæmilegt fjölskyldumönnum, fáir eða engir hafa ráð á að fella niður vinnu sína að meira eða minna leyti, án þess að fé komi þá annars staðar frá í staðinn. Sjálfsagt er vitaskuld að miða fjárhæð fræðslubótanna við aðstæður og efnahag fræðsluþegans. Er gert ráð fyrir því, að sett verði ákvæði þar um í reglugerð. Ekki er gert ráð fyrir því, að þeir geti notið umræddra fræðslubóta, er stunda nám í hinu almenna skólakerfi eða fá stuðning frá Lánasjóði íslenskra námsmanna.

Í B-lið 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að stofnunin geti veitt þeim aðilum fjárhagslegan stuðning, er vilja beita sér fyrir eða standa fyrir frjálsri fræðslustarfsemi fyrir almenning. Er þá t. d. átt við starfsemi á borð við hinn nýstofnaða Kvöldskóla í Reykjavík, námsflokka hinna ýmsu sveitarfélaga, Bréfaskóla SÍS og ASÍ, tungumálaskóla, — svo og ýmislegt annað „léttara“ nám.

Í C-lið er gert ráð fyrir að stofnunin efni til námskeiða fyrir þá, er leita endurhæfingar eða aukinnar þjálfunar í störfum sínum. Slíkt hefur með öllu skort hér á landi, en með þessu ákvæði er slíkri starfsemi fenginn grundvöllur.

Í D-lið er stofnuninni gert að standa fyrir þjálfunar- og fræðslunámskeiðum fyrir trúnaðarmenn í launasamtökunum. Einnig er henni heimilt að greiða kostnað við slík námskeið, er aðrir halda. Á þessu sviði hefur verið mikil vöntun hér á landi. Launþegasamtökin hafa ekki haft neitt bolmagn til að standa fyrir dýrum og umfangsmiklum námskeiðum til fræðslu og þjálfunar fyrir trúnaðarmenn sína. Á því hefur löngu verið ráðin bót í nágrannalöndunum, m. a. á vegum hinna frjálsu fræðslukerfa. Er þá varið stórfé í þessu skyni árlega. Er sannarlega tímabært, að tekin verði upp slík starfsemi hér á landi.

Í 3. gr. frv. er tiltekið, hvernig ráðstafa skuli í meginatriðum því fjármagni, er stofnuninni verður fengið. Er því þar skipt í samræmi við áætlaðar þarfir. Að öðru leyti þarfnast sú grein ekki skýringa.

Önnur atriði frv. skýra sig sjálf.“